Fullgild rafræn undirskrift
ESTHER RUTH AÐALSTEINSDÓTTIR
2026-06-29 15:01:54 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ANNA TRYGGVADÓTTIR
2026-06-29 15:34:08 GMT
Ástæða: Undirskrift

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
Krossmóa 4a
260 Reykjanesbær

Dagsetning 29.6.2026
Málsnúmer MRN26030047

Viðurkenning Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum sem fræðsluaðili í framhaldsfræðslu, tímabilið 29. júní 2026 – 29. júní 2029

Vísað er til umsóknar Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum, kt. 560298-2349, dags. 6. mars 2026, þar sem sótt er um endurnýjun viðurkenningar sem fræðsluaðili í framhaldsfræðslu.

Mennta- og barnamálaráðuneytið fer með málefni framhaldsfræðslu samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Ráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni veitir fræðsluaðilum viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu, sbr. 7. gr. laganna.

Ráðuneytið hefur metið umsókn og önnur framlögð gögn um starfsemi Miðstöðvarinnar út frá þeim skilyrðum og viðmiðum sem fram koma í lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011 og telur fræðsluaðilann uppfylla skilyrði til að hljóta viðurkenningar til að annast framhaldsfræðslu.

Á grundvelli þess er að framan greinir er Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum veitt viðurkenning til þess að annast framhaldsfræðslu til þriggja ára. **Gildistími viðurkenningar er tímabilið 29. júní 2026 – 29. júní 2029.**

Í viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi fræðsluaðilans uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Viðurkenning felur hvorki í sér skuldbindingu um fjárframlög úr ríkissjóði til viðkomandi fræðsluaðila eða ábyrgð á skuldbindingum hans. Fræðsluaðili ber sjálfur alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi.

Fræðsluaðili skal hafa frumkvæði að því að upplýsa ráðuneytið án tafar um breytingar sem kunna að vera á starfsemi eða aðstöðu hans sem viðurkenning þessi byggir á. Uppfylli fræðsluaðili ekki lengur skilyrði laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu eða fyrirmæli sett samkvæmt þeim getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna.

Fyrir hönd ráðherra,

Anna Tryggvadóttir

Esther Ruth Aðalsteinsdóttir